

153. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 25. maí 2016 í Stykkishólmi

Mætt: Halla Steinólfsdóttir (HS) formaður, Guðríður Þorvarðardóttir (GP) varaformaður, Arnheiður Jónsdóttir (AJ), Agnes Stefánsdóttir (AS), Sigurður Þórólfsson (SP) og Trausti Baldursson (TB).

Eiríkur Snæbjörnsson og Erla Friðriksdóttir forfölluðust.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:40.

Fundargerð 152. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplestin og samþykkt.

Verndaráætlun

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 lögð fram þar sem búið var að setja niður verkefni fyrir hvern lið í áætluninni, nokkurs konar drög að framkvæmdaáætlun.

Afgreiðsla:

Nefndin fór yfir verndaráætlunina og lagði til verkefni sem uppfyllt gætu markmið áætlunarinnar. Lagt til að nefndarmenn komi með tillögur að verkefnum sem ráðast skal í á þessu ári fyrir næsta fund.

Starfsskýrsla 2015

Drög að starfsskýrslu 2015 lögð fram.

Afgreiðsla:

Starfsskýrslan yfirfarin og nokkrum atriðum bætt við. Samþykkt að ljúka lausum endum á næstu dögum og senda skýrsluna á nefndina til yfirllesturs. Skýrslan verður borin upp á næsta fundi nefndarinnar til samþykktar og afhent ráðherra að því loknu.

Fjármál nefndarinnar

Yfirlit yfir fjármál nefndarinnar það sem af er árinu 2016 lagt fram.

Afgreiðsla:

Ljóst er að nefndin hefur yfir að ráða nokkrum fjármunum til verkefna á verndaráætlun. Nefndarmenn sendi inn tillögur að verkefnum fyrir næsta fund.

Ramsar. Viðbrögð við bréfi sem sent var til sveitarfélaga. Næstu skref.

Umsagnir hafa borist frá Reykhólahrepp, Dalabyggð og Vesturbyggð og voru þær lagðar fram á fundinum.

Afgreiðsla:

Óska eftir umsögnum frá þeim sveitarfélögum sem ekki hafa skilað, þ.e. Snæfellsbæ, Grundarfjarðarbæ, Stykkishólmsbæ og Helgafellssveit.

Önnur mál

Erindi frá Róbert Róbertssyni framkvæmdastjóra Kyrrðarinnar ehf. vegna kúluhúss í eyju á Breiðafirði

Erindi langt fram.

Afgreiðsla:

Nefndin vísar í vinnureglur Breiðafjarðarnefndar um feril mála og sjónarmið við umsagnir um veitingu byggingarleyfa eða leyfa til mannvirkjagerðar á verndarsvæði Breiðafjarðar sem er að finna á heimasíðu nefndarinnar

(<http://www.breidafjordur.is/Breidafjardarnefnd/Vinnureglur/index.htm>).

Nefndin telur að framkomnar hugmyndir um byggingar samræmist almennt ekki þeim vinnureglum sem nefndin hefur sett sér varðandi byggingar í eyjum á Breiðafirði.

Vettvangsferð

Stefnt að því að fara í vettvangsferð föstudaginn 5. ágúst. Lagt er til að farið verði í

rútuferð út með Snæfellsnesi norðanverðu. Þá verður meðal annars hægt að hafa í huga mögulega stækkun svæðisins.

Fundi Breiðafjarðarnefndar var slitið kl. 14:00. Næsti fundur er áætlaður í Garðabæ 8. júní 2016.